

Þjóðskjalavörður – Hrefna Róbertsdóttir
Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegur 162
105 Reykjavík

Egilsstöðum 9. maí 2023

Efni: Lokun héraðsskjalasafna

Stjórn Félags héraðsskjalavarða á Íslandi hefur þungar áhyggjur af þeirri stöðu sem upp er komin í kjölfar ákvarðana borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Kópavogs um að loka héraðsskjalasöfnum þessara sveitarfélaga. Með þessu er ljóst að það fyrirkomulag sem verið hefur á skjalavörslu í landinu árum saman er í fullkomnu uppnámi og framtíð safnanna um allt land óljós.

Þó að undanfarin ár hafi öðru hvoru komið upp hugmyndir hjá einstökum sveitarfélögum um að loka héraðsskjalasöfnum hefur slík ákvörðun aldrei verið tekin fyrr en nú. Að mati héraðsskjalavarða sem stjórnin hefur rætt við byggðist það meðal annars á því að Þjóðskjalasafn Íslands latti sveitarfélög jafnan til þess, eða gerði þeim grein fyrir að kostnaður við skjalavörslu þeirra sveitarfélaga myndi í það minnsta ekki minnka við slíkar breytingar.

Í aðdraganda þeirra ákvarðana sem nú hafa verið teknar í Reykjavík og Kópavogi verður ekki séð að Þjóðskjalasafn Íslands eða Þjóðskjalavörður hafi mælt gegn þeim eða varað við hugsanlegum neikvæðum afleiðingum svo róttækra breytinga á skjalavörslu sveitarfélaganna.


Jafnframt telur stjórnin að borið hafi á misræmi í málflutningi fulltrúa Þjóðskjalasafns Íslands hvað varðar möguleika þess til að taka við safnkosti umræddra héraðsskjalasafna og annarra, bæði opinberum skjölum og einkaskjölum.

Stjórn Félags héraðsskjalavarða á Íslandi vill því óska eftir svörum frá þjóðskjalaverði við eftirtöldum spurningum:

- 1) Er Þjóðskjalasafn Íslands í stakk búíð að taka við safnkosti héraðsskjalasafnanna á Íslandi til varðveislu, þá annars vegar opinberum skjölum og hins vegar einkaskjölum?
- 2) Mælti þjóðskjalavörður með því eða gegn því að Reykjavíkurborg og Kópavogsbær legðu niður héraðsskjalasöfn sín, eða varaði við hugsanlegum neikvæðum afleiðingum slíkra ákvarðana?
- 3) Telur þjóðskjalavörður æskilegt að héraðsskjalasöfn verði lögð niður eða að hlutverki þeirra og stöðu verði breytt á einhvern hátt frá því sem nú er?

Atburðir undanfarinna vikna hafa skapað mikinn titring meðal héraðsskjalavarða og annars starfsfólks héraðsskjalasafnanna. Það er mat stjórnar félagsins að meðal héraðsskjalavarða á Íslandi sé veruleg óvissa um afstöðu þjóðskjalavarðar og þjóðskjalasafns Íslands til héraðsskjalasafnanna og við slíkar aðstæður getur ekki ríkt traust milli þjóðskjalavarðar og héraðsskjalavarða á Íslandi. Slík staða er afar óæskileg og hlýtur óhjákvæmilega að koma niður á samstarfi héraðsskjalasafnanna við þjóðskjalasafn Íslands. Raunar má færa rök fyrir því að samstarfið líði fyrir þessa stöðu mála nú þegar.

F.h. stjórnar Félags héraðsskjalavarða á Íslandi



Stefán Bogi Sveinsson
Héraðsskjalavörður
Héraðsskjalasafn Austfirðinga

Afrit sent: Menningar- og viðskiptaráðherra